



Nafn:

Efnisyfirlit

1. HLUTI	Halló!	2
	Hvað með þessi verkefni?	3
	Ólíkir lestextar	4

2. HLUTI	Frétt	6
	Bókmenntir og ljóð.	8
	Upplýsingar	10
	Fræðitexti – æviágrip.	12

3. HLUTI	Kortalestur – Útskýringar	14
	Kortalestur – Útskýringar	16
	Frétt	18
	Frásögn	20
	Frásögn	22
	Fræðitexti	24
	Viðtal	26
	Upplýsingar	28
	Upplýsingar	30
	Bókmenntir – Skáldsaga	32
	Leiðbeiningar	34
	Upplýsingatexti	36

4. HLUTI	Bókmenntatexti – Skáldsaga	38
	Upplýsingar – Efnisyfirlit og atriðisorðaskrá	40
	Leiðbeiningar	42
	Frásögn	44

FYRSTI Smellvör





Halló!

Pú kannt að lesa.

Til hamingju með þá hæfni. Hún mun koma þér að góðum notum alla ævi. Við upphaf skólagöngu þinnar var þér kennt að lesa. Þú lærðir að þekkja stafi og breyta þeim í hljóð. Því næst fórstu að tengja saman hljóð og mynda orð og þú fórst að lesa hraðar, lesa heilu blaðsíðurnar og alls kyns bækur.

En ertu vel læs?

Sumir telja að það sé nóg að kunna að lesa. Að vera snöggur að lesa orð á blaði eða í bók geri mann fluglæsan. Þá þurfi maður ekki að læra meira um læsi og geti hætt að æfa sig að lesa. Það er sko hreint ekki svo einfalt. Að kunna að lesa er mikilvægur grunnur en læsi er svo miklu, miklu meira ...

Læsi er nefnilega líka:

- að skilja og túlka talmál, ritmál, myndmál, táknmál og samskipti
- að setja í samhengi
- að lesa í aðstæður
- að leggja mat á
- að geta tjáð sig á margvíslegan hátt



Hvað með þessu verkefni?

Öllum textum í bókinni fylgja verkefni. Í fyrsta og þriðja hluta skiptast þau í þrjá flokka:

Lestu og svaraðu

Hér reynir á athyglisgáfu þína. Svörin við spurningunum er að finna í textanum, þú þarft bara að lesa rétt og taka vel eftir. Stundum eru svörin eða vísbendingar um þau feitletruð til að koma þér á sporið.

Lestu milli lína

Í þessum verkefnum er mikilvægt að þú áttir þig á atriðum sem ekki standa með berum orðum í textanum. Hér þarftu að draga ályktanir, túlka, skynja og safna saman upplýsingum. Stundum finnur þú vísbendingar að svörum í formi feitletraðra orða.

Lestu ofan í kjölinn

Hér er farið fram á að þú hugsir svolítið um það sem þú varst að lesa. Að þú leggir mat á efnið og tengir það við líf þitt. Að þú skiljir orð og orðasambönd. Að þú mótir þér skoðanir og nýtir það sem þú varst að lesa/læra til að auka við þekkingu þína og hæfni.

Þessi tákn áttu eftir að sjá í 2. hluta bókarinnar:



– Hér ályktar þú, rannsakar og grúskar.



– Kennari leggur inn verkefni og aðstoðar hópinn við að leysa það skref fyrir skref.



– Verkefni með þessu tákni vinna tveir og tveir saman.



– Hér er ætlast til að þú leysir verkefnið skriflega.




– Verkefni sem eru flutt munnlega, kynningar, leikræn tjáning og virk hlustun.

Svörtu orðin – lykilorðin:

Í bókinni er víða að finna feitletruð orð. Stundum kölluð lykilorð. Þau eru þarna sérstaklega til að hjálpa þér við að leysa verkefnin. Þau vísa þér á svörin.

Ólíkir lestextar



Vissir þú að við lesum ekki alla texta eins?

Við lesum fræðitexta ekki á sama hátt og við lesum bókmenntatexta.

Og við lesum leiðbeiningar ekki á sama hátt og fréttir. Í hvert sinn sem við lesum vinnum við úr upplýsingum sem við fáum úr textanum.

Og upplýsingarnar eru mjög mismunandi. Eina stundina erum við að safna fróðleiksmolum en aðra að drekka í okkur góða sögu.

Upplýsingar veita okkur vitneskju um ýmislegt. Dæmi: Hvaða myndir eru í bío? Hvenær kemur strætó? Hvert er gott að ferðast? Hvar er best að leita að einhverju? Hér er mikilvægt að nota leitarlestur og skanna textann þar til þú finnur það sem þú leitar að.

Fræðitexti er fróðleikur um allt milli himins og jarðar. Fræðitextinn getur átt við hvað sem er t.d. tækni, vísindi, hluti, dýr, fólk og tímabil.

Fræðitexti kallar á nákvæmnislestur, að finna lykilorð, að gera hugtakakort og að nýta sér lestraraðferðina forlestur, lestur og eftirlestur.

Fréttatexti gefur okkur upplýsingar um mikilvæg málefni og áhugaverða atburði sem að gerast í kringum okkur hverju sinni. Fyrirsagnir gefa vísbendingar um efni fréttarinnar. Mikilvægt er að lesa vel fyrirsagnir og myndatexta til að fá yfirlit um efnið áður en fréttin er lesin.

Leiðbeiningar lýsa hvernig á að gera eða búa eitthvað til. Þær geta verið bæði skriflegar, munnlegar og myndrænar. Hér þarf að beita nákvæmni í lestri. Taka vel eftir öllu sem þú lest, fylgja textanum í tímaröð og vera viss um að skilja fyrirmælin.

Útskýringar segja okkur t.d.:

- af hverju eitthvað gerist.
- hvernig eitthvað þróast eða breytist.
- hvernig eitthvað virkar.

Hér þarf að beita nákvæmnislestri og vera viss um að skilja það sem lesið er.

Bókmenntatextar eru textar sem segja sögu til dæmis í formi skáldsagna, ljóða eða leikrita.

Frásögn er þegar einhver segir frá skálduðum eða raunverulegum atburðum.

Dæmi: Sendibréf, tölvupóstur, ævisaga, viðtal, bloggfærsla, dagbók, ferðasaga, endurminning o.s.frv.

Bókmennta- og frásagnartextar geta verið ljómandi skemmtilegir og því auðvelt að gleyma sér við lesturinn og njóta. Oft er slíkur lestur kallaður *yndislestur*.

Myndlestur: Einnig kemur fyrir að rýna þarf í teikningar, ljósmyndir og skýringarmyndir (gröf, línurit, kort) og lesa úr þeim upplýsingar líkt og um texta væri að ræða.

Orðarýni: Þegar þú rekst á orð sem þú átt erfitt með að skilja skaltu ekki hika við að fletta þeim upp, finna merkingu þeirra og auka þar með orðaforða þinn. Góður orðaforði er lykill að læsi.

Á næstu blaðsíðum færð þú að æfa alls konar læsi. Ef þú vandar þig, sýnir þrautseigju og leggur þig fram við þjálfunina máttu trúa því að við lok bókar mun læsisfærni þín hafa eflst svo um munar.

Frétt



Vísbendingar í textanum
eru feitletraðar.
Nýttu þær þegar þú
svarar spurningunum.



Björgunarsveitarmenn að störfum við að festa þakplötur.

Björgunarsveitir kallaðar út

Björgunarsveitir á Austurlandi voru kallaðar út síðdegis þegar mesta óveðrið gekk yfir. Að sögn svæðisstjóra eru verkin fjölmörg sem sveitirnar sinna. Milli 50 og 60 liðsmenn björgunarsveitanna eru við störf.

Þakplötur hafa losnað af íbúðarhúsum á Eskifirði, vinnupallar fjúka um Reyðarfjörð og binda þurfti smábáta í höfninni á Neskaupstað betur við bryggju. Ein kænán nuddaðist mikið utan í bryggjustaurinn og í einni stærri vindhrinunni slóst hún utan í staurinn svo gat kom á kjölinn með þeim afleiðingum að hún sökk. Aðrir smábátar eru lítið eða ekkert skemmdir.

Björgunarsveitarmenn hafa sett aukabelgi utan á bryggjuna til að koma í veg fyrir frekara tjón á bátum.

Lögreglan biður fólk að **halda sig innan dyra og ekki fara út í óveðrið að óþarfu**. Öll börn voru send heim í fylgd fullorðinna úr skólanum á Seyðisfirði en skólahald á Borgarfirði eystra var **felld niður** í morgun, áður en stundaskrá barnanna hófst.

Vegurinn yfir Fjarðarheiði er lokaður vegna ófærðar en búist er við að hann verði opnaður þegar líður á kvöld. **Veður á að lægja með kvöldinu** þegar vindátt snýst samkvæmt spám Veðurstofunnar.

Lestu og svaraðu

1. Í hvaða verkefni ganga liðsmenn björgunarsveitanna skv. fréttinni? Nefndu þrjú atriði.

2. Hvað varð til þess að kænán sökk? _____

3. Hvað biður lögreglan fólk að gera? _____

Lestu milli lína

1. Hvað hefði verið mögulegt að gera fyrir fram til að koma í veg fyrir að björgunarsveitirnar væru kallaðar út? _____

2. Hver er munur á skólahaldi á Seyðisfirði og Borgarfirði eystra skv. fréttinni?

3. Af hverju er stefnt á að opna veginn yfir Fjarðarheiðina þegar líður á kvöldið?

Lestu ofan í kjölinn

1. Þekkir þú einhvern sem er í björgunarsveit á Íslandi? Segðu frá einhverju verkefni sem björgunarsveitirnar hafa tekið þátt í.

2. Af hverju heldur þú að lögreglan biði fólk að halda sig innan dyra á meðan óveður gengur yfir? _____

3. Finndu annað orð eða orðasamband sem merkir sama og:

kjölur: _____

að lægja: _____

Bókmenntir og ljóð

Spreyttu þig!

Lykilorðin í textanum eru feitletruð. Nýttu þau þegar þú svarar spurningunum.

Saknaðarljóð

Hljótt er nú í húsum inni,
harmur býr í allra **sinni**.

Hvar er litla Píla pína?
Sárt er að missa sína.

Burt hún hvarf og brekkan grætur,
birtist mér í draumi nætur,
veslings litla Píla pína.
Sárt er að missa sína.

Músaguð við hættum hlífi
henni sé hún enn á lífi.


Græt ég litla Píla pína.
Sárt er að missa sína.

Rætist óskir hennar, heitar,
hún það **finni** sem hún leitar.

Komdu aftur, Píla pína!
Sárt er að missa sína.

Kristján frá Djúpalæk

sinni, er orð
sem notað er
yfir hugann.



Lestu og svaraðu

1. Eru mikil læti inni í húsinu?

☐ Já☐ Nei

2. Hvað þýðir orðið harmur?

☐ gleði☐ sorg☐ sársauki

3. Hver birtist í draumi sögumannsins? _____

4. Hvort heldur þú að viðurnefnið þína merki eitthvað sem er vont (að þína einhvern) eða það að músin sé lítil? _____

Lestu milli lína

1. Af hverju er hljótt inni í húsinu? _____

2. Hver er tilfinningin í ljóðinu? Hvernig líður sögumanni ljóðsins? _____

3. Hvað vonar sögumaður ljóðsins? _____

Lestu ofan í kjölinn

1. Harmur býr í allra sinni stendur í ljóðinu. Hvað þýðir sú málsgrein?

☐ Harmurinn á sig sjálfur.☐ Einhver er að fjölfalda það sem allir gera.☐ Sorgin er í hugum allra.☐ Allir eru búnir að jafna sig á sorginni.

2. Brekkan er persónugerð í ljóðinu. Hvað gerir brekkan sem mannfólk á til að gera? _____

3. Skrifaðu þessa málsgrein með þínum orðum þannig að hún hljómi ekki eins hátíðlega.

Músaguð við hættum hlífi henni sé hún enn á lífi.

4. Hver er sögumaður ljóðsins að þínu mati? _____

5. Skrifaðu hugleiðingu út frá Pílu þínu. Segðu t.d. frá því hvernig henni líður, hvar hún er stödd og hvað hún er að gera. _____

Upplýsingar

Spreyttu þig!

Hvað gera þeir sem starfa sem frístunda-leiðbeinendur í félagsmiðstöð?

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN STUÐARI

Dagskrá í október fyrir 10–12 ára

Þriðjudagar – smiðjur
kl. 17:00–18:30

5. október

Bollakökugerð með Snæbirni.

12. október

Laser-Tag keppni.

Lagt af stað með rútu

stundvíslega kl. 17:10.

Tveir og tveir saman í liði.

Gott að mæta í þægilegum

fötum og strigaskóm.

19. október

Armbandagerð / Spilakvöld.

Ingimar sýnir hvernig búa má

til armbönd með því að flétta

leðurreimar. Nauðsynlegt að

skrá sig fyrir fram.

Aðrir geta tekið þátt í spilakvöldi.

Alls konar spil í boði.

26. október

Lærðu að gera gómsætar

smápitsur með Snæbirni og Ingu.

Föstudagar – opið hús
kl. 15:00–17:45

8. október

Tarsanleikur í íþróttahúsinu.

Grænmetisnakk og heilsu-

drykkir í boði eftir leik.

Slökun með Mörtu í lokin.

15. október

Heimsókn í skógarlundinn.

Útiöldun, kennsla í tálgun,

kolamálun og stórkostlegur

ratleikur um svæðið.

22. október

Risabíó í salnum! Geggjuð grín-

mynd: *Froskar í hoppandi stuði*.

Popp í boði féló. Allir koma með

drykk að eigin vali.

29. október

Hrekkjavökuhátíð.

Draugahús, grímugerð,

búningakeppni, hauskúpukeila

og graskersskurður.

Hafðu samband

www.felagsmidstodinstudari.is / studarinnfelo@gaman.is / s: 997-4788

Nauðsynlegt er að skrá sig í smiðjur með því að senda tölvupóst eða hringja í okkur í síðasta lagi daginn áður. Á opnu húsi þarf ekki að skrá sig. Allir mega mæta.

Sjáumst,
Stuðararnir

Lestu og svaraðu

1. Hvað stendur til hjá Stuðaranum þann 15. október? _____

2. Hvað taka smiðjurnar langan tíma?

☐ 30 mínútur

☐ Eina og hálf klukkustund

☐ Tvær og hálf klukkustund

3. Hvað er alltaf á föstudögum? _____

4. Hvaða kvikmynd verður sýnd á opnu húsi? _____

5. Hvað eru margir starfsmenn hjá Stuðaranum?

☐ 5

☐ 4

☐ 3

☐ 2

Lestu milli lína

1. Hvað er líklegt að gerist ef maður mætir of seint í smiðju þann 12. október? _____

2. Þig langar að læra að flétta leðurreimar.

Hvert er þitt fyrsta verk? _____

Hvenær er mæting? (dagur/tími) _____

3. Hvað er í boði í félagsmiðstöðinni fyrir sækera og áhugafólk um matreiðslu?

Hverju mælir þú með:

4. Allir þurfa að mæta með sykurpúða og klæða sig eftir veðri.

Þessi skilaboð eiga við alla sem ætla að mæta í félagsmiðstöðina þann

Lestu ofan í kjölinn

1. Rýndu í orðið: *Dagskrá*

Það er sett saman úr orðunum _____ + _____

Útskýrðu merkingu orðsins dagskrá. _____

2. Hvaða viðburðir vekja áhuga þinn? Nefndu þrjá sem þú vilt alls ekki missa af.

3. Þú ert nýflutt(ur) í hverfið og vilt fá nánari upplýsingar um starfið í félagsmiðstöðinni.

Hvar er best að leita?

4. Hvernig líst þér á heiti félagsmiðstöðvarinnar; Stuðari? _____

Hvað er stuðari? Af hverju heldur þú að þetta heiti hafi orðið fyrir valinu?

Hvaða heiti myndir þú velja á félagsmiðstöð? _____

Fræðitexti – æviágrip

Spreyttu þig!

Strikaðu undir
lykilorðin á meðan
þú lest textann.



Guðríður Þorbjarnardóttir

Íslenski landkönnuðurinn Guðríður Þorbjarnardóttir fæddist fyrir árið 1000 hér á Íslandi. Ekki er vitað um nákvæmt ártal. Ung fór hún að ferðast um heiminn og sigldi m.a. til Grænlands með fjölskyldu sinni.

Ferðin gekk heldur brösuglega og dó helmingur þeirra sem um borð voru, þ.á.m. maður hennar.

Hún giftist aftur, að þessu sinni Þorsteini Eiríkssyni, sem var sonur Eiríks rauða. Eiríkur rauði var einnig faðir Leifs heppna, sem margir telja að hafi verið fyrsti Evrópubúinn sem sigldi til Ameríku. Guðríður og Þorsteinn lögðu af stað í siglingu frá Grænlandi til Vínlands, sem í dag er austurströnd Norður-Ameríku. Þorsteinn dó úr farsótt á leiðinni.

Guðríður giftist í þriðja sinn, nú honum Þorfinni karlsefni Þórðarsyni og sigldu þau til Vínlands. Saman könnuðu þau landið í þrjú ár og fóru sunnar en aðrir sem höfðu kynnt sér Vínland á undan þeim.

Þau Guðríður og Þorfinnur eignuðust soninn Snorra. Hún er talin vera fyrsta evrópska konan sem fæddi barn í Ameríku.

Frá Vínlandi héldu þau til Grænlands og þaðan til Noregs. Eftir vetrardvöl í Noregi sigldu þau til Íslands og settust að í Glaumbæ í Skagafirði. Þau eignuðust annan son hér á Íslandi.

Eftir að Þorfinnur dó segja heimildir að Guðríður Þorbjarnardóttir hafi siglt a.m.k. átta sinnum yfir úthöf og gengið yfir þvera Evrópu alla leið til Rómar. Hún heimsótti mörg lönd og fór víða.

Þessi ferðalög gerðu hana eina víðförlustu konu heims sem var á lífi í kringum árið 1000.

Eftir ferðalög hennar um Evrópu er sagt að hún hafi gerst einsetukona á Íslandi.

Þekkir þú nöfn
einhverra
landkönnuða?

Lestu og svaraðu

- ▶ 1. Hversu mörg börn átti Guðríður? _____
- ▶ 2. Skrifaðu hjá þér heiti a.m.k. þriggja landa sem Guðríður ferðaðist til:

Lestu milli lína

- ▶ 1. Hvernig tengdist annar maður Guðríðar Leifi heppna? _____
- ▶ 2. Í textanum eru nokkrar skammstafanir. Skrifaðu hvað þessar skammstafanir standa fyrir:
m.a. _____
þ.á m. _____
a.m.k. _____
- ▶ 3. Nefndu tvennt sem Guðríður gerði og skráði um leið nafn sitt í sögubækur.

Lestu ofan í kjölinn

- ▶ 1. Finndu orð í textanum sem hafa sömu merkingu og orðin:
Erfiðlega, ekki vandræðalaust _____
Smitandi sjúkdómur _____
Reistu bú _____
Kona sem býr ein _____
- ▶ 2. Skoðaðu vel lýsingarorðið víðförull. Þetta er samsett orð úr orðunum víða + förull.
Flettu upp báðum orðunum í orðabók og skrifaðu á línurnar samheiti við orðin:
víða _____
förull _____
- ▶ 3. Af hverju telur þú að það sé ekki vitað nákvæmlega hvaða ár Guðríður fæddist?

- ▶ 4. a) Hvað merkir það að vera landkönnuður? _____
b) Nefndu fleiri landkönnuði sem þú hefur heyrt um: _____

Kortalestur – Útskýringar



Vinnið saman

Norðurheimskaufið er svæði í Norður-Íshafinu. Þar er ekkert land, aðeins þykk íshella sem þekur svæðið árið um kring.

Norðurlóllinn

Í miðju hafinu er punktur sem er nyrstur á Jörðinni. Sá kallast norðurlóllinn. Punkturinn er ekki raunverulegur heldur ímyndaður. Auk þess er hann ekki alltaf á sama stað því staðsetning hans sveiflast lítillega til og frá.

Norðurlóllinn og hafsvæðið í kring tilheyra ekki neinu ríki og heldur ekki ákveðinni heimsálfu. Svæðið er svokallað alþjóðlegt svæði, nokkurs konar sameign allra jarðarbúa. En líklega á það eftir að breytast í nánustu framtíð.

Löndin í kring

Þau lönd sem liggja að Norðurheimskaufinu eru Grænland, Rússland, Kanada, Bandaríkin og Noregur. Danir sjá um að taka ákvarðanir fyrir Grænland þar sem það tilheyrir Danmörku.

Hvað gerist þegar ísinn bráðnar?

Lengi vel hefur engin þjóð haft sérstakan áhuga á svæðinu enda lítið hægt að gera við þykka ísbreiðu sem menn töldu að myndi aldrei bráðna.

Nú eru loftslagsbreytingar farnar að hafa áhrif á Norðurheimskautið svo um munar. Ísinn bráðnar hratt. Það þýðir að innan tíðar mun verða mögulegt að sigla yfir heimskautið, nokkuð sem ekki hefur verið hægt hingað til. Einnig er talið að á hafsbotninum sé að finna miklar náttúruauðlindir, eins og olíu og gas.

1. Skoðið saman rafrænt kort af Norðurheimskautinu. Finnið staðina sem koma hér á eftir.

Merktu inn á kortið á síðunni hér á undan. Notaðu textann og rafræna kortið til að hjálpa þér.

- | | | |
|-----------------|-----------------------|-------------|
| – Norðurpóllinn | – Norður-Íshaf | – Íshellan |
| – Rússland | – Ísland | – Noregur |
| – Grænland | – Bandaríkin (Alaska) | – Kanada |
| – Danmörk | – Barentshaf | – Svalbarði |

2. Ræðið setningarnar hér fyrir neðan og skráið niðurstöður úr umræðum ykkar.

a) „*Punkturinn er ekki raunverulegur heldur ímyndaður.*“ Hvað er átt við?


b) Af hverju bíða sumir spenntir eftir því að ísinn bráðni? Hver er ávinningurinn?

c) „*Svæðið er svokallað alþjóðlegt svæði, nokkurs konar sameign allra jarðarbúa.*“

Hvað er átt við?

Kortalestur – Útskýringar

Vinnið saman



Ég á það!

Vegna þessara breytinga á heimskautinu (sjá bls. 14–15) hefur áhugi þeirra landa sem liggja næst svæðinu aukist til muna og skyndilega vilja allir eiga norðurlandinn.

Árið 2007 sendu Rússar tvo smákafbáta niður á hafsbótinn til að taka sýni úr jarðveginum. Með því vildu þeir sanna í eitt skipti fyrir öll að svæðið tilheyrði þeim. Rússneski fáninn var skilinn eftir á botninum en áður fyrr dugði slíkt til að eigna sér landsvæði.

Hin ríkin sem liggja að pólnum neita hins vegar að viðurkenna tilkall Rússa. Þau hafa flest sent sína eigin rannsóknarhópa á staðinn í von um að geta fundið sannanir fyrir því að heimskautið tilheyrir þeim.

Frétt

Hlýnun jarðar

Vinnia saman



Horfið á myndskeiðið *Hlýnun jarðar* á KrakkaRÚV og svarið eftirfarandi spurningum.



- ▶ 1. Að hvaða leyti er það af manna völdum að magn koltvíoxíðs hækkar í andrúmsloftinu?

- ▶ 2. Aukið magn koltvíoxíðs breytir andrúmsloftinu og veldur ...
☐ margföldunaráhrifum ☐ áhrifaleysi
☐ gróðurhúsaáhrifum ☐ dáleiðsluáhrifum
- ▶ 3. Hvernig er hægt að minnka koltvíoxíð í loftinu? _____

- ▶ 4. Hvernig getur mannfólkið reynt að minnka mengun?

Bráðnun jökla

Mikið hefur verið rætt um loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar síðustu ár. Norðurheimskautið á sér ekkert meginland, heldur er hafið þakið ís. Myndir úr gervitunglum sýna að sá ís fer minnkandi með árunum.



Sjálfvirkar veðurstöðvar staðsettar á víð og dreif um ísinn sem þekur Norður-Íshafið sýna að lofthiti hefur hækkað með árunum. Árið 2016 sýndu mælingar að aldrei áður, frá upphafi mælinga, hefur lofthitinn á norðurláttum verið jafn hár. Frá árunum 1906 til 2005 hækkaði meðalhiti jarðar um rúmlega sjö gráður.*

*Arctic ocean: Norður-Íshaf

Af hverju hækkar lofthiti jarðar?

Margir vísindamenn telja ástæðuna vera þá að koltvíoxíð hefur aukist. En það er sú gróðurhúsalofttegund sem mest er af í andrúmsloftinu. Koltvíoxíð berst út í andrúmsloftið m.a. vegna þess að mannskepnan brennir kolum, jarðgasi og olíu. Þó eru einhverjir sem telja að hækking hitastig jarðar sé ekki eingöngu af mannavöldum enda hefur sagan sýnt að áður hafa orðið löng hlýnunartímabil á Jörðinni.

1. Skoðið myndirnar af Norðurheimskautinu frá 1979 og 2011. Ef áfram heldur sem horfir hvernig teljið þið að íshellan muni líta út eftir 30 ár? Teiknið hana inn á kortið lengst til hægri.
2. *Ræðið í hópum!*
Ef meðalhiti hækkar jafn mikið á næstu 100 árum og á síðustu öld, hvaða áhrif gæti það hugsanlega haft? (Á veðurfar, hitastig, dýralíf, yfirborð sjávar, mannfólkið.)
Nefnið bæði kosti og galla.
3. Hvað haldið þið að átt sé við þegar talað er um sjálfvirkar veðurstöðvar?



Eftir ferð mína um Norðurheimskautssvæðið og setu á fimm daga ráðstefnu um dýralíf þar um slóðir hef ég orðið fróðari um málefnið. Í þessari stuttu samantekt ætla ég að segja ykkur frá þeim dýrategundum sem lifa á umræddu svæði.

Talning fugla hefur sýnt að um 200 tegundir lifa á svæðinu. Fyrst þegar ég heyrði það fannst mér það mjög há tala. Alveg þar til ég komst að því að 200 fuglategundir eru bara 2% allra fugla í heiminum. Þetta eru aðallega sjófuglar, strandfuglar og vatnafuglar. Flestar tegundirnar eru farfuglar.

Fiskitegundir í hafinu í kringum Norðurheimskautið eru tæplega hundrað. Flestir fiskarnir eru botnlægir en það þýðir að þeir lifa á eða nálægt botni hafsins. Eg lærði það á ráðstefnunni að vísindamenn telja að loftslagsbreytingar geti haft mikil áhrif á framtíð fiska á Norðurheimskautssvæðinu. Hraði og mynstur hafstrauma geti breyst og hitastig sjávar hækkað. En hiti sjávar stýrir t.d. því hvernig fiskar dreifa sér, fæðuúrvali og hvort þeir geti hrygnt.



- ▶ 1. Lesið saman efnisgreinarnar þrjár hér til hliðar. Finnið og strikið undir lykilorð í textanum.
- ▶ 2. Gerið hring utan um orð sem þið ekki skiljið og hjálpist að við að finna merkingu þeirra.
Veljið þrjú orð og glósið hjá ykkur.

Orð	Merking

- ▶ 3. Vinnið saman og búið til þrjár spurningar úr textanum. Notið lykilorðin til að hjálpa ykkur.

a) _____

b) _____

c) _____

- ▶ 4. Hver heldur þú að sé munurinn á vatnafugli og strandfugli?



- ▶ 5. Nefndu einn íslenskan strandfugl. _____



Hér getur þú teiknað íslenskan strandfugl.

Frásögn

Hvalir

Ekki er hægt að tala um dýralífið án þess að minnst á upphalds sjávarspendýrin mín, hvalina. Um 17 tegundir hvala búa á Norðurheimskautinu. Karlkyns hvalur kallast tarfur, kvenkyns hvalur kýr og afkvæmið kallast kálfur. Skoðum betur tvær tegundir:



Mjaldur

Mjaldur eða hvíthvalur er, eins og nafnið gefur til kynna, skjannahvítur á lit. Mjaldrar fæðast þó ekki hvítir heldur gráir eða brúnir og þeir verða 30–35 ára gamlir. Það er ekki einungis liturinn sem gerir mjaldur auðþekkjanlegan frá öðrum hvölum; t.d. er hann ekki með neinn bakugga. Hann er einstaklega skemmtileg tegund því hann er með sveigjanlegt enni sem getur breytt um form. Mjaldur getur því sýnt mismunandi svipbrigði. Ekki veit ég hvort það er ástæðan fyrir því hversu félagslyndur hann er. Mjaldrar halda sig saman í stórum hópum sem telja allt upp í nokkur hundruð dýr. Þeir spjalla saman með syngjandi fallegum hljómi og hefur hljóðið verið tekið upp og útfært sem slökunartónlist. Mjaldur er duglegur að kafa og vitað er til þess að hann hafi kafað niður á um 350 metra dýpi til að ná sér í æti.

Þyngd 700–1600 kg
Lengd 2,6 til 4,5 m
Staða tegundar: Nálgast útrýmingarhættu.



Náhvalur

Náhvalur er sérkennileg skepna með skögultönn sem vex í spirál út úr höfðinu á fullvöxnum törfum og einstaka kúm. Hún líkist horni einhyrninga og vex vinstra megin úr efri gómi og ekki er alveg ljóst hvaða hlutverki hún gegnir fyrir dýrið. En úr tönnum veidra hvala hafa verið skornir út skrautmunir. Þegar náhvalur fæðist er hann grár eða dökkbrúnn en svo byrja ljósir flekkir að myndast á skrokknum. Eftir því sem dýrið eldist verður það dökkt á baki en að mestu ljóst á kviði. Enni náhvals nær fram fyrir munninn en hvalurinn er ekki með neitt trýni. Yfirleitt eru náhvalir fimm til tíu saman í hópum.

Þyngd 1550–1900 kg
Lengd 4,9 til 5,4 m (auk 3 m skögultannar)
Staða tegundar: Nálgast útrýmingarhættu.



- ▶ 1. Lesið saman textann um hvalina. Finnið og strikið undir lykilorð í textanum.
- ▶ 2. Vinnið saman og búið til sex spurningar úr textanum sem eiga við svörin hér að neðan.

A. _____

Svar: Hann kallast tarfur.

B. _____

Svar: Tegundirnar eru 17 talsins.

C. _____

Svar: Allt frá 2,6 m til 4,5 m á lengd.

D. _____

Svar: Skögultönn.

E. _____

Svar: Til að skera út fallega skrautmuni.

F. _____


Svar: Dýrið verður dökkt á baki en að mestu ljóst á kviði.



Ísbjörn

Rándýr

Hvítabirnir eru rándýr sem lifa á Norðurheimskautinu. Þeir halda sig aðallega með ströndum og á hafís. Það kemur fyrir að þá rekur með hafís alla leið til Alaska, Svalbarða og norðurstranda Síberíu. Stundum koma þeir á land hér á Íslandi. Hvítbjörninn hefur verið friðaður síðan 1973 þar sem hann þótti áður ákjósanleg bráð veiðimanna. Þeir veiddu hann til matar og eins var feldurinn eftirsóknarverður. Feldurinn er nánast skjannahvítur og því fellur ísbjörninn vel inn í umhverfi sitt á hafísnum. Ef ísbjörn ógnar lífi fólks má fella hann. Ísbirnir verða um 25 til 30 ára gamlir.



Fæðuval

Ísbjörn veiðir sér til matar og er selur í uppáhaldi hjá honum. Lyktarskyn ísbjarnar er það gott að hann getur fundið lykt af sel í 32 km fjarlægð! Þó að ísbjörninn sé flugsyndur og er fær um að kafa getur hann ekki veitt sel á sundi. Ástæðan er aðallega sú að selur getur kafað í hálf tíma en ísbjörninn kafar ekki nema í tvær mínútur. Til að ná selnum verður ísbjörninn að koma honum á óvart, gera skyndiárás. Hér græðir ísbjörninn á því að feldurinn hans er í felulitum og að hann er óendanlega þolinmóður. Hann getur legið hreyfingarlaus í marga klukkutíma. Þegar selir eru ekki á boðstólum gera ísbirnir sér að góðu alls kyns hræ, t.d. af rostungum og hvölum. Eins veiða þeir fiska og fugla og á sumrin smjatta þeir á alls kyns gróðri, t.d. þara og grasi.


Eiginleikar

Hvítabirnir hlaupa hratt og eru lunknir að synda. Ef ísbjörn er eltur og honum finnst sér ógnað reynir hann að komast í sjó því hann getur synt í marga daga án þess að þreytast. Hann getur auðveldlega synt um 100 km án þess að hvíla sig. Það er ekki erfitt fyrir ísbjörn að hlaupa í snjó. Segja má að hann sé í hálfgerðum sokkum því feldurinn nær undir iljarnar og heldur á honum hita. Feldurinn á iljunum kemur einnig í veg fyrir að hann renni í hálku og hjálpar honum að læðast í snjónum þegar hann er á veiðum.



	þyngd	lengd skrokks
Björn	400–600 kg	2,6 m
Birna	200–300 kg	2 metrar
Bjarnarhúnn	600–700 g við fæðingu	

- ▶ 1. Kennari les textann upphátt. Hlustaðu vel á upplesturinn og fylgstu með í bókinni.
- ▶ 2. Hjálpest að við að finna aðalatriðin í textanum, lykilorðin. Strikið undir.
- ▶ 3. Fylltu inn í hugarkortið.



- ▶ 4. Rýnum í orð. Skrifaðu orðin í réttan ramma.

- ⊙ eftirsóknarverður
- ⊙ bjarnarhúnn
- ⊙ fella hann
- ⊙ lunkinn
- ⊙ birna

eitthvað sem mann langar
mikið í:

deyða/drepa hann:

kvenkyns ísbjörn:

klókur, að vera góður í einhverju:

afkvæmi ísbjarnar:

Grænlenk börn á Íslandi

Ár hvert er börnum frá Austur-Grænlandi boðið til Íslands. Þau dvelja hér í tvær vikur ásamt kennurum sínum. Tilgangurinn er að læra sund en einnig kynnst þau íslenskum jafnöldrum, fræðast um land og þjóð og skoða merka staði. Við hittum krakkana í Skautahöllinni í Laugardal á lokadegi dvalarinnar og tókum eina stúlkuna tali. Puukkaalik er frá þorpinu Ittoqqortoormiit við Scoresby-sund.



Hvers vegna ertu komin til Íslands?

Okkur krökkunum var boðið að koma til Íslands til að læra sund. Það eru engar sundlaugar á Austur-Grænlandi en það er samt gott fyrir okkur öll að kunna að synda. Það er mikilvægt fyrir alla sem búa nálægt sjó. Nú er ég búin að mæta í sundþjálfun annan hvern dag, alla virka daga. Ég er farin að geta synt mjög vel. Við vorum líka heppin og fengum góðan sundkennara.

Hvað hafið þið svo gert annað en að læra að synda?

Það er svo margt. Við gerum eitthvað skemmtilegt á hverjum degi. Við heimsóttum forsetann á Bessastöðum strax á öðrum degi. Einn daginn fórum við í langt ferðalag. Við keyrðum að Gullfossi og sáu líka heita hvera. Á leiðinni heim fengu allir ofsalega góðan ís sem við urðum að borða fyrir utan rútuna. Bílstjórinn vildi ekki fá ísklessur í sætin. Kannski var hann bara súr yfir að þurfa að vinna á sunnudegi. Daginn eftir fórum við í Húsdýragarðinn fyrir sundæfingu. Það var vond lykt í svínastíunni en kiðlingarnir voru rosalega sætir. Þremur dögum síðar fórum við í Kringluna sem er risastór verslunarmiðstöð. Það er engin slík heima hjá mér. Þangað væri ég til í að koma aftur. En skemmtilegast fannst mér að fara í bíó á föstudagskvöldunum. Það hef ég aldrei gert áður. Við erum ekki með kvikmyndahús í þorpinu mínu.

Hefur þú kynnst íslenskum krökkum?

Já, mörgum. Á meðan við erum á Íslandi förum við í heimsókn í skóla í Kópavogi, þá virku daga þegar ekki eru sundæfingar. Þar hittum við jafnaldra okkar, skoðum skólastofuna þeirra og skólabækurnar. Við förum líka saman í frímínútur. Svo segja þau okkur frá Íslandi og við sýnum þeim Grænland á korti og segjum frá þorpinu okkar.

Ég er meira að segja búin að eignast vinkonu. Hún heitir Sunna og er jafn gömul mér. Hana langar mikið að heimsækja mig og skoða landið mitt.

En myndir þú vilja koma aftur hingað?

Já, ég kem kannski einhvern tíma aftur til Íslands, ég vona það. Þessi ferð hefur verið æðisleg. Við þökkum Puukkaalik fyrir spjallið. Hún skellir sér aftur inn á ísinn og veifar í kveðjuskyni.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Vika 1	Lent á Reykjavíkurlugvelli – Sund	Heimsókn í skóla					
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Vika 2			Sund				Skautasvellið í Laugardal Brottför frá Reykjavíkurlugvelli

► Kláraðu að fylla inn í töfluna.

- ☐ 1. Hvaða daga mættu krakkarnir á sundæfingu? Kláraðu að fylla inn í töfluna.
- ☐ 2. Hvenær hittu krakkarnir forsetann?
- ☐ 3. Hvenær skoðuðu krakkarnir Gullfoss og Geysi?
- ☐ 4. Hvaða dag heimsóttu þau Húsdýragarðinn?
- ☐ 5. Krakkarnir fóru í Kringluna á ...
- ☐ 6. Skráðu inn bíóferðir hópsins.
- ☐ 7. Settu X við þá daga sem krakkarnir heimsóttu skóla í Kópavogi.
- ☐ 8. Samkvæmt viðtalinu var engin dagskrá á laugardögum. Hvað væri gaman að gera með hópnum þessa daga? Látið hugann reika og fyllið inn í töfluna eða skrifið á línurnar hér fyrir neðan.

Upplýsingar

Vinnið saman

Svalbarði



NÁTTÚRUPERLA Í NORÐUR- ÍSHAFINU

Dreymir þig um ævintýraferð á norðurslóðir? Þar sem sólin neitar að setjast á sumrin en hverfur svo alveg í fjóra mánuði yfir vetrartímann.

Þar sem meðalhiti í júlí er 6 °C.

Þar sem frostið getur farið niður í -20 °C.

Þar sem hreindýr ganga frjáls um götur.

Þar sem ekki er hægt að fara út á peysunni án þess að vera í lífshættu.



HÖFUÐSTAÐURINN

Longyearbyen er stærsti bær eyjaklasans.

Hann er á stærstu eyjunni Spitsbergen.

Í bænum búa rúmlega 2000 manns frá um 40 þjóðum. Þar er að finna hugguleg hótél og notaleg veitingahús og margs konar verslanir.

Flogið er frá Osló og tekur ferðin um þrjár klukkustundir.



Í Norður-Íshafinu, mitt á milli Noregs og norður-pólsins er eyjaklasinn Svalbarði. Næstum 60% eyjanna eru þakín jöklum. Veðrið er breytilegt, dýralíf fjölskrúðugt og landslagið stórfenglegt.





1. Skoðið saman ferðabæklinginn á síðunni hér á móti.

Hvernig lýst þér á áfangastaðinn? Værir þú til í að skella þér í heimsókn?

Af hverju? / Af hverju ekki? _____

2. Hafið þið heyrt um þennan stað áður?

Ef svo er, hvað vitið þið nú þegar: _____

Hvað viljið þið vita meira? _____

3. Ræðið í hóp, hverja setningu fyrir sig. Hér þarf að lesa á milli lína.

Hvað segja málsgreinarnar okkur í raun og veru?

„Náttúruperla í Norður- Íshafinu“

„Þar sem sólin neitar að setjast á sumrin ...“

„Þar sem ekki er hægt að fara út á peysunni án þess að vera í lífshættu.“

Útskýrið betur eina af þessum þremur setningum. _____

4. „Næstum 60% eyjanna eru þakin jöklum.“

Hvaða ályktun er hægt að draga um annað landslag á eyjunum?

- ☐ Allt landið er ísi lagt.
☐ Mikill gróður er á meirihluta eyjanna.
☐ Meirihluti eyjanna er ekki byggilegur.
☐ Það er lítið um jökla á Svalbarða.

5. Skoðið kortið af Svalbarða.

Hvað heita tvær stærstu eyjarnar?

_____ og _____

Finnið stærsta bæ eyjaklasans. Dragið hring utan um hann á kortinu.

Bærinn heitir _____

Upplýsingar



DÝRALÍFIÐ

Ísbirnir setja svip sinn á Svalbarða. Talið er að þúsundir bjarna hafist við á eyjunum allt árið um kring. Þeir eru mun fleiri en íbúar eyjanna. Íbúar og ferðamenn þurfa alltaf að hafa varann á og gæta að sér. Bannað er að fella ísbirni nema í neyðartilvikum.



Hreindýr af svokölluðu Svalbarðakyni eru líka mörg. Í höfuðstaðnum Longyearbyen ganga þau um eins og húsdýr. Heimskautarefurinn skottast um í nágrenni við mannabyggðir. Auk þess sækja fjölmargar fuglategundir eyjarnar heim á sumrin en halda suður á bóginn þegar haustar. Rjúpan lætur kuldann ekki aftra sér og dvelur allt árið. Þegar farið er með ströndum má sjá rostunga, seli og mjaldur.

KLÆÐNAÐUR

Yfir vetrartímann er nauðsynlegt að klæða sig vel. Best er að vera í ullarfatnaði ásamt vindheldum hlífðarfötum, hlýju höfuðfati og vettlingum. Skófatnaður þarf að vera vatnsheldur og hlýr. Ef farið er í ferðalög þarf alltaf að hafa með sér fatnað til skiptana og gera ráð fyrir margs konar útivistarfatnaði því veður á Svalbarða getur breyst mjög snögglega.



ÖRYGGISMÁL

Ísbirnir geta gert árás fyrirvaralaust og mælt er með því að fólk ferðist aldrei út fyrir þéttbýlisstaði án vopna. Nauðsynlegt er að hafa öfluga riffla á ferðum í óbyggðum en auk þess er gott að hafa alltaf neyðarblys við höndina. Þeir sem ekki hafa byssuleyfi eru hvattir til að ferðast ekki um eyjarnar nema í skipulögðum hópferðum með leiðsögumönnum sem bera vopn.

Þegar gist er í tjaldi á bersvæði er ráðlegt að fylgjast gaumgæfilega með ferðum ísbjarna.



Lestu og svaraðu



1. Satt eða ósatt

Á Svalbarða er fleira fólk en ísbirnir.

satt

☐

ósatt

☐

Í öllum húsum í Longyearbyen búa hreindýr.

☐☐

Rjúpan er ekki farfugl á Svalbarða.

☐☐

Á Svalbarða er betra að vera í kuldaskóm en sandölum.

☐☐

Á Svalbarða er alltaf rigning og rok.

☐☐

Allir sem ferðast til Svalbarða þurfa að hafa byssuleyfi.

☐☐

Það þarf alltaf að vera á varðbergi gagnvart ísbjörnum.

☐☐




2. Nefndu sjö dýrategundir sem lifa á Svalbarða.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____



3. Á Svalbarða þarf að vara ferðalanga við ýmsum hættum. Lestu vel kaflann um öryggismál og gerðu þrjár lýsandi myndir sem allir ættu að skilja.

Skrifaðu stutta viðvörun við hverja mynd.



_____	_____	_____
_____	_____	_____
_____	_____	_____

Bókmenntir – Skáldsaga

Vinnia saman

Úr bókinni *Þriðji ísbjörninn* eftir Þorgrím Þráinsson

Í söguna vantar myndskreytingar. Lestu hvern hluta vel og vandlega og teiknaðu mynd í ramma sem endurspeglar efni textans. Notaðu talblöðrur þegar við á.



Sagan gerist á Íslandi. Tveir ísbirnir hafa gengið á land sama sumarið og fólk hugsar um fátt annað. Fjölskylda nokkur heldur í ferðalag norður í land með hjólhýsi í eftirdragi. Ferðinni er heitið til Skagastrandar þar sem þau koma sér fyrir á fallegum stað með útsýni yfir Húnaflóann. Við grípum niður í söguna þar sem foreldrarnir hafa brugðið sér frá en systkinin Bjössi, Lóa og Krummi hafa það huggulegt í hjólhýsinu. En þá gerist hið ótrúlega ...

Systkinin gleymdu sér yfir myndinni þar til Bjössi rauk skyndilega á fætur og sagðist ætla að bæta nokkrum pylsum á grillið.

„Hvað vilt þú margar?“

„Bara eina ef ég fæ líka kjöt,“ sagði Lóa en leit ekki upp. „Krummi borðar örugglega tvær af því hann borðar ekki kjöt á beini.“

Bjössi sótti pylsupakka inn í ísskáp og var í þann mund að stökkva út þegar hann fraus. Hann ætlaði að öskra en ekkert gerðist. Lóa sá bróður sinn nánast lyppast niður og rauk samstundis á fætur. Þegar hún leit út öskraði hún af öllum lífs og sálarkröftum.

Risastór ísbjörn stóð yfir grillinu og potaði með hrömmunum í kótiletturnar. Trýnið var alblóðugt en Krummi var hvergi sjáanlegur. Ísbjörninn góndi undrandi á logandi hrædd systkinin í dyragættinni en hélt síðan áfram að klóra í kjötið.



Er búið að éta Krumma?

Systkinin lokuðu dyrunum og ráfuðu um hjólhýsið. Þau töluðu hvort í kapp við annað án þess að hlusta á hitt. Þau kíktu út um alla glugga í leit að Krumma og Bjössi kveikti skjálfhentur og grátandi á símanum í veikri von um samband en án árangurs. „Hvað eigum við að gera, hvað eigum við að gera?“ muldruðu þau í kross.


„Hann er örugglega búinn að éta Krumma,“ sagði Lóa hágrátandi. „Allt okkur að kenna. Við áttum að passa hann.“

„Ég vissi að þriðji ísbjörninn myndi koma,“ sagði Bjössi og klessti andlitinu upp að rúðunni. „Það var búið að spá því.“

„Af hverju léstu mömmu og pabba ekki vita? Þá hefði þetta aldrei gerst.“
„Þau vissu það alveg, það var í fréttunum,“ sagði Bjössi og leit grimmur á systur sína.
„Ég hefði aldrei átt að koma með.“



„Hvernig eigum við að sækja mömmu og pabba?“
„Hvernig á ég að vita það?“ hreytti Bjössi út úr sér en samviskubitið nagaði hann inn að beini því hann vissi að hann bar ábyrgð á bróður sínum.
„Hann er þarna,“ öskraði Lóa skyndilega og hoppaði á rúminu. „Hinum megin við hjólhýsið. Að moka í moldinni.“
„Við verðum að bjarga honum,“ sagði Bjössi taugaveiklaður. „Ísbjörninn drepur hann ef hann sér hann.“
Lóa opnaði varlega hlera, stakk höfðinu út og kallaði á Krumma. Bjössi fylgdist með hvort ísbjörninn hreyfði sig á meðan systir hans reyndi að ná athygli bróður þeirra.
„Krummi,“ hvíslaði Lóa með grátstafinn í kverkunum. „Komdu Krummi.“ Hún ætlaði að lokka Krumma að hjólhýsinu með sleikibrjóstsýkri, teygja sig niður og lyfta honum inn um gluggann.
„Ég held að ísbjörninn finni lykt af Krumma,“ sagði Bjössi, „hann er að þefa út í loftið.“



Ályktaðu!

- ▶ 1. Náðu Bjössi og Lóa að bjarga Krumma? _____
- ▶ 2. Fékk ísbjörninn að éta? _____
- ▶ 3. Náðu krakkarnir í foreldra sína? _____
- ▶ 4. Hvað varð um ísbjörninn? _____

Ef þú vilt vita meira skaltu finna bókina á bókasafninu og klára söguna.

Leiðbeiningar

Vinnia saman

Að byggja snjóhús að hætti Inúíta

Inúítar eru þjóðflokkur sem býr á svæðum við Norðurheimskautið. Þeir búa t.d. í Síberíu, á Grænlandi og í Kanada. Margir tengja Inúíta við kúlulaga snjóhús. Þeir búa þó ekki í snjóhúsum en byggðu þau gjarnan áður fyrr þegar þeir ferðuðust um að vetrarlagi.

Hvað þarf til að byggja snjóhús?

- snjó sem er samþjappaður og ekki of blautur
- ísexi eða beitt áhald til að búa til loftgöta
- sög eða mjög langan hníf
- fullorðinn einstakling til að aðstoð þig með hættuleg áhöld

Skref 1



Skerðu út snjókubba með söginni eða hnífnum. Hver kubbur á að vera um 1 m langur og 40 cm hár og 20 cm breiður. Við það að skera út kubba myndast hola.

Skref 2



Notaðu holuna sem myndaðist við það að skera út kubbana sem undirlag hússins. Það gefur góða einangrun.

Reistu kubbana upp á rönd í hring, utan um holuna sem myndaðist. Skerðu kubbana líkt og sýnt er á myndinni þannig að hringurinn myndi spíral. Kubbarnir raðast upp eins og gormur.

Skref 3



Leggðu nýjan hring af kubbum ofan á hringinn sem þú lagðir í 2. skrefi. Leggðu þá þannig að þeir halli örlítið inn á við. Skerðu


gat á kubbin þar sem þú ætlar að hafa inngang. Haltu áfram að raða kubbum upp spíralinn þar til eingöngu gat er efst á þakinu.

Skref 4



Síðasti kubburinn sem settur er efst á snjóhúsið þarf að vera stærri en gatið. Leggðu kubbin ofan á gatið að utan, farðu aftur inn í snjóhúsið og festu kubbin með því að móta hann til þannig að hann passi vel í gatið.

Skref 5



Líkamshiti þinn hitar upp snjóhúsið. Mikilvægt er að búa til loftgöt til að súrefni leiti inn í húsið og koltvísýringur út.

Skref 6



Að lokum eru tveir kubbar nýttir til að útbúa skjól-góðan inngang. Göngin inn í snjóhúsið koma í veg fyrir að snjór fjúki inn í húsið. Athugið þó að það þarf að passa að ekki fenni fyrir opið á húsinu.

- 1. Lestu textann vel og vandlega. Skoðaðu myndirnar. Settu svo undirfyrirsagnirnar í snjókubbunum á rétta staði. Hver á að vera hvar?

Snjókubbar sagaðir

Loftið klárað

Loftgöt búin til

Haldið áfram að hlaða

Inngangur útbúinn

Byrjað að hlaða

- 2. Ræðið og ályktið!
- Af hverju er snjallt að nota holuna sem myndast við skurðinn á snjókubbunum sem undirlag?
 - Sá sem byggir húsið hleður það utan um sig. Hvernig kemst hann út?
 - Hvað gerist ef snjóhúsasmiðurinn gleymir að gera loftgöt? Hvað gerist ef það fennir fyrir opið? Hvernig er hægt að koma í veg fyrir það.
- 3. Hannaðu/teiknaðu þitt eigið snjóhús.

Upplýsingatexti



Hvar býr jólasveinninn?

Á Íslandi er almennt álitid að íslensku jólasveinarnir búi upp til fjalla og þá líklega í helli. Þar býr einnig Grýla móðir þeirra, faðirinn Leppalúði og jólakötturinn.

Almennt virðast heimilisaðstæður töluvert aðrar hjá erlenda jólasveininum. Hann er ekki endilega tengdur fjöllum eða hellisskúta heldur býr hann gjarnan í húsi og hefur þar verkstæði. Hann er fluttur úr foreldrahúsum og í mörgum sögum á hann eiginkonu þó svo að hún ferðist ekki með honum á sleðanum þegar hann er í embættiserindum. Auk þess hefur hann oft hjálparmenn, gjarnan álfa, sem vinna á verkstæði hans við að útbúa gjafir.



Almennt er talið að jólasveinninn lifi á norðlægum slóðum, en menn eru ekki á eitt sáttir um nákvæma staðsetningu. Í Norður-Ameríku og reyndar víðar, er algengt að telja heimili jólasveinsins vera á norðurlandnum og þá átt við hinn raunverulega norðurland, nyrsta punkt jarðarinnar eða næsta nágrenni hans. Þessi hugmynd kemur fyrir í sögum, teiknimyndum, kvikmyndum og er nokkuð föst í sessi.

En það koma fleiri staðir til greina, til dæmis er bær í Alaska sem heitir Norðurland (North Pole). Fyrir hver jóla streyma þangað bréf í hundruða þúsunda tali sem ætluð eru jólasveininum og því ljóst að ýmsir trúa því að jólasveinninn búi þar.

Evrópubúar, sér í lagi Norðurlandabúar, virðast ekki álíta að jólasveinninn búi á norðurlandnum. Í Noregi er jólasveinninn, eða julenissen, gjarnan talinn eiga heima í bænum Drøbak en fleiri staðir þar í landi koma líka til greina. Í Danmörku og á Grænlandi er jólasveinninn gjarnan tengdur við bæinn Uummannaq á norðvesturströnd Grænlands. Finnar eru hins vegar sannfærðir um að jólasveinninn, eða joulupukk, eigi heimkynni sín þar í landi og hafa gert nokkuð í því að koma þeirri hugmynd á framfæri. Þar mun jólasveinninn eiga heima í fjalli sem kallast Korvatunturi. Hins vegar er hann með vinnuaðstöðu og tekur á móti gestum í bænum Rovaniemi þar skammt frá og þangað berast honum þau bréf sem stíluð eru á hann í Finnlandi.

Menn verða seint sammála um það hvar jólasveinninn á heima, eins og kannski má ráða af þessu svari sem þó gefur aðeins nokkur dæmi um möguleg heimkynni hans. Kannski er auðveldast að svara spurningunni um það hvar jólasveinninn býr með því sem stundum er sagt; að hann búi í huga og hjörtum þeirra sem á hann trúa.

Úr svari af Vísindavefnum



- ▶ 1. Karlinn í rauðu fötunum er þekktur víða um heim. Í textanum er heiti hans að finna á þremur tungumálum. Finndu þau:

- ▶ 2. Strikaðu undir a.m.k. fjóra staði í textanum sem hugsanlega gætu verið heimkynni jólasveinsins.

- ▶ 3. Hér er brot úr textanum. Nokkur nafnorð hafa stungið af og skilið eftir sig vandræðalegar eyður í textanum. Bjargaðu málum og finndu ný nafnorð!

Hann er fluttur úr _____ og í mörgum sögum á hann _____ þó svo að hún ferðist ekki með honum á _____ þegar hann er í embættiserindum. Auk þess hefur hann oft hjálparmenn, gjarnan _____, sem vinna á verkstæði hans við að útbúa _____.

- ▶ 4. Lestu fyrstu tvær efnisgreinarnar. Þar er fjallað um heimilisaðstæður jólasveina. Nokkur munur er á aðstæðum þeirra íslensku og annarra. Nefnið þrjú atriði sem eru ekki eins.

- _____
- _____
- _____

- ▶ 5. Upplýsingaleit  

Vinnið saman í litlum hópum og kynnið ykkur mismunandi jólahefðir með því að grúska á netinu. Veljið a.m.k. tvær jólahefðir, lesið ykkur vel til og skráið hjá ykkur lykilorð. Kynnið munnlega fyrir bekkjarfélögum.

Bókmenntatexti – Skáldsaga

Úr bókinni *Gúmmí-Tarsan* eftir Ole Lund Kirkegaard

Niðri við ána sungu fuglarnir í trjánum. Á grein fyrir ofan Ívar Ólsen sat svartpröstur og blístraði.

„Jahá,“ hugsaði Ívar með sér og settist í grasið.

„Ég held að ég ætti að læra að blístra.“

Og þarna sat hann svo og æfði sig í að blístra, þegar gömul kona kom haltrandi.

Gamla konan var afar undarleg ásýndum.

Á höfðinu á henni sat kráka og í munnum hafði hún bara eina tönn.

Reyndu á þig!

„Góðan daginn,“ sagði gamla konan.

„Góðan dag,“ sagði Ívar.

„Ertu ekki hræddur við mig?“ spurði gamla konan.

„Nehei,“ sagði Ívar. „Ég er hræddur við blóðnasir og allt svoleiðis. En ég er ekkert hræddur við þig.“

„Það var sérkennilegt,“ sagði sú gamla.

„Því að ég er nefnilega galdranorn. Ósvikin, alvöru galdranorn.“

„Ertu að segja satt,“ sagði Ívar og leit á gömlu konuna með krákuna á höfðinu.

„Ég hef aldrei séð alvöru norn fyrr. Pabbi minn segir líka, að það séu alls ekki til alvöru nornir.“

„Jæja,“ sagði sú gamla og dró annað augað í pung. „Jæja, segir hann pabbi þinn það?“

„Já,“ sagði Ívar. „Hann segir að allt tal um nornir sé bara þvættingur.“

Gamla konan fór að hlæja svo skein í tönnina hennar.

„Pabbi þinn er greinilega gamall aulabárður,“ sagði hún. „Sá skal nú aldeilis fá að komast að öðru.“

„Hann er líka reiður við mig af því að mér gengur illa að læra stafina og klifra í trjám og spila fótbolta,“ sagði Ívar.

Gamla konan kinkaði kolli.

„Það passar alveg,“ sagði hún. „Þeir eru einmitt eins og hann þessir gömlu aulabárðar. En hlustaðu nú á. Þú getur fengið eina ósk uppfyllta.“

„Ósk...“ sagði Ívar. „Hvernig þá ósk?“

„Jú,“ sagði kerlingin. „Þegar maður hittir galdranorn, þá fær maður alltaf einhverja ósk uppfyllta. Þú mátt óska þér hvers sem þú vilt.“

„Vá, maður,“ sagði Ívar Ólsen. „Ég er svei mér heppinn í dag. Þá ætla ég að óska þess að fá ...“

„Hættu, hættu,“ greip kerlingin frammí. „Þegar maður fær að óska sér einhvers, þá verður það að vera eitthvað almennilegt. Þú mátt ekki bara óska þess að fá nýtt hjól eða nýtt píanó eða vatnspétt úr. Svoleiðis dinglemdangli geturðu safnað þér fyrir sjálfur. Farðu heldur heim og hugsaðu þig vel um til morguns og svo skulum við hittast hér aftur.“

„Allt í lagi,“ sagði Ívar.

Og svo fór hann heim til þess að hugsa sig um.

Titill sögunnar er óvenjulegur. Hvað dettur þér í hug þegar þú lest hann?



Lestu og svaraðu

1. Lestu fyrstu efnisgreinina vel og vandlega. Hvað sérðu fyrir þér? Teiknaðu nákvæma mynd af öllu sem þú sérð í huganum.

2. Pabbi Ívars er honum reiður vegna þess að ... _____

3. Ívar var ekki hræddur við nornir heldur _____

4. Hvað vildi gamla konan gera fyrir Ívar?

☐ Kaupa handa honum nýtt hjól. ☐ Uppfylla ósk hans. ☐ Gefa honum vatnspétt úr.

Lestu milli lína

1. Af hverju hefði Ívar átt að hræðast gömlu konuna? _____

2. Af hverju bað gamla konan Ívar að bíða með óskina? _____

Lestu ofan í kjölinn

1. Að rýna í orð. Veldu þrjú orð úr textanum sem þú skilur ekki eða vekja áhuga þinn. Skrifðu þau inn í töfluna, giskaðu á merkingu þeirra og skoðaðu þau að lokum í orðabók. Hafðir þú rétt fyrir þér?

Orð	Ágiskun	Merking

2. Ef þú fengir eina ósk, hver væri hún? Hugsaðu þig vel um áður en þú svarar.

Upplýsingar — Efnisyfirlit og atriðisorðaskrá

Efnisyfirlit

Kort og kortalestur 1
Jörðin – innviðir og aldur 6
Jarðsaga Íslands 9
Náttúruvernd 14
Auðlindir 15
Vesturland 16
Vestfirðir 21
Norðurland vestra 25
Norðurland eystra 30
Austurland 34
Suðurland 38
Suðurnes 44
Höfuðborgarsvæðið 47
Hálendið 50
Atriðisorðaskrá 56

Í flestum fræðibókum er að finna efnisyfirlit og atriðisorðaskrá. Við fyrstu sýn er ekki að sjá að þessar síður skipti miklu máli en þeir sem kunna að nýta þær eru á öðru máli. Efnisyfirlit og atriðisorðaskrá geta nefnilega hjálpað til og flýtt fyrir við að leita að upplýsingum um ákveðið efni.

Hvernig notar maður þessar síður?

Reyndu á þig!

Hvað er efnisyfirlit?

Í efnisyfirlitinu finnur þú lista yfir alla kafla bókarinnar, undirkafla og blaðsíðutal. Efnisyfirlit er oftast fremst í bókum.

Atriðisorðaskrá

Akranes – 18
Askja – 51
berglög – 8, 11
Flateyri – 23
Djúpivogur – 35
eldfjöll – 7, 10
fellingafjöll – 9, 23
flekamót – 6, 9, 42
Hallgrímskirkja – 49
jarðvarmi – 15
jarðvegseyðing – 14
Kjölur – 50
Kópasker – 33
Skagatrönd – 28
Skógafoss – 38
skógrækt – 14
Snæfellsjökull – 14, 17
stöðuvötn – 15, 25, 38
Vigur – 24
þéttbýlisstaðir – 3, 49

Hvað er atriðisorðaskrá?

Atriðisorðaskrá er yfirléitt aftast í fræðibókum og í stafrófsröð. Þar er að finna lista yfir mikilvæg atriði bókarinnar, nokkurs konar lykilorð. Við hvert orð er bent á hvar það er að finna í bókinni. Sum orð koma fyrir á nokkrum blaðsíðum.

Lestu og svaraðu

- ▶ 1. Þú vilt vita hversu margir kaflar eru í bókinni. Hvar leitar þú?
☐ í efnisyfirliti ☐ í atriðisorðaskrá
- ▶ 2. Þú ert forvitin(n) um flekamót og ætlar að lesa þér nánar til. Bókin er þykk og efnismikil.
Þú byrjar á að skoða _____
til að fá að vita hvaða blaðsíður þú þarft að skoða.
- ▶ 3. Um hvað fjallar kaflinn sem hefst á blaðsíðu 21? _____
- ▶ 4. Á bls. 34 hefst kaflinn um _____
- ▶ 5. Á hvaða blaðsíðum finnur þú upplýsingar um
a. jarðvarma? _____ b. Kópasker? _____
c. fellingafjöll? _____ d. Skagaströnd? _____

Lestu milli lína

- ▶ 1. Í hvaða kafla finnur þú upplýsingar um eyjuna Vigur? Krossaðu við rétt svar.
☐ Vestfirðir bls. 21 ☐ Norðurland vestra bls. 25
- ▶ 2. Hvaða foss er hægt að lesa um í kaflanum um Suðurland? _____
- ▶ 3. Hvaða kaflar eru stystir? _____
- ▶ 4. Hvaða kafla lest þú ef þig vantar upplýsingar um Reykjavík? _____
- ▶ 5. Í hvaða landshluta er: a. Akranes _____ b. Kjölur _____
c. Flateyri _____ d. Djúpivogur _____

Lestu ofan í kjölinn

- ▶ 1. Þú færð bók í jólagjöf. Fremst í bókinni er efnisyfirlit á tveimur síðum og á blaðsíðu 156 er atriðisorðaskrá. Að öllum líkindum er bókin:
☐ ljóðabók ☐ myndasögubók ☐ skáldsaga ☐ fræðibók
- ▶ 2. Atriðisorðaskrá er ávallt höfð í stafrófsröð. Af hverju ætli það sé mikilvægt? Útskýrðu!

- ▶ 3. Af hverju ætli efnisyfirlitið sé oftast fremst í bókum?

Leiðbeiningar

Föndurhornið

Reyndu á þig!

Það er alltaf gaman að skreyta heimili sitt eða skólstofuna með fallegu handverki. Hér á eftir eru leiðbeiningar um það hvernig hægt er að búa til kúlur úr garni.

- Efni:
- garn
 - skæri
 - nál
 - blöðrur
 - maísmjöl
 - fljótandi föndurlím (glært)
 - vasilín (eða önnur heppileg feiti)
 - skál til að blanda lím
 - þverslá (t.d. kústskaft) sem hægt er að hengja kúlurnar upp til þerris
 - plastpokar eða dagblöð



Notar þú oft leiðbeiningar til að búa til hluti?

1

Blöðurnar blásnar upp:

Blástu upp blöðurnar og hnýttu hnút á þær. Tilvalið er að blása blöðurnar upp í mismunandi stærðum. Athugið þó að hafa þær ekki það stórar að þær tapi sínu hringlaga formi (og verði egglega).

2

Vinnusvæðið undirbúið:

Settu þverslána á milli tveggja stóla til að útbúa þurrkstöð fyrir blöðurnar. Á gólfið, undir slána, leggur þú plast eða dagblöð (þú getur t.d. klippt plastpoka og dreift úr þeim undir slána til að verja gólfið).

3

Blöðurnar festar á slána:

Bittu garn utan um hnútinn á blöðrunni og hinn enda spottans utan um þverslána. Hafðu spottann nógu langan til að blaðran hangi niður en passaðu að hún snerti ekki plastið/dagblöðin á gólfinu. Gættu þess að blöðurnar séu ekki það nálægt hver annarri að þær snertist.

4

Blöðurnar smurðar:

Smyrðu þunnu lagi af vaselíni á hverja blöðru.

5

Límið blandað:

Helltu líminu (um 50–60 ml) ofan í skálina ásamt ½ bolla af maísmjöli og ¼ bolla af vatni. Hrærðu vel þar til engir kekkir eru í blöndunni.

6

Garninu vafið utan um blöðurnar:

Dýfðu garninu ofan í límblönduna svo það blotni. Kreistu garnið yfir skálinni til að límið sem verður umfram renni aftur ofan í blönduna. Festu svo garnið við stútinn á blöðrunni með því að binda hnút. Vefðu garninu utan um blöðruna, fyrst lóðrétt og svo lárétt. Passaðu að hafa bil á milli (ekki vefja of þétt). Þegar þú hefur lokið við að vefja utan um blöðruna límir þú enda spottans upp við hnútinn.

Límið þornar og blöðurnar sprengdar:

Láttu límið þorna í sólarhring, það borgar sig ekki að reyna að stytta þennan biðtíma! Eftir sólarhring stingur þú nál í blöðurnar og sprengir þær. Eftir standa garnkúlurnar þínar. Stundum myndast límkrystallar í götunum og þá má auðveldlega plokka af. Nú hefur þú útbúið fallegar kúlur til að skreyta með eða gefa vinum og ættingjum í tækifærisgjafir.

Lestu og svaraðu

1. Hverju blandar þú saman til að útbúa límblönduna? _____
2. Hvernig festir þú garnið við blöðruna í upphafi, áður en þú byrjar að vefja því utan um hana? _____

Lestu milli lína

1. Hvað ákvarðar stærð kúlunnar? _____
2. Af hverju telur þú það gott að setja plast á gólfið undir þverslána? _____

3. Til hvers er nálin notuð? _____

Lestu ofan í kjölinn

1. Hvaða sagnorð í textanum merkir það sama og að koma við? _____
2. Af hverju telur þú það gott að smyrja blöðruna með vasilíni áður en garninu er vafið utan um blöðurnar? _____
3. Hvað gæti mögulega gerst ef ekki er beðið eftir því að límið þorni í sólarhring? _____

4. Efst í leiðbeiningunum er upptalning á því sem þarf til að föndra kúlurnar. Af hverju er gott að hafa upptalninguna efst (en ekki t.d. inni í textanum)? _____

5. Hvað einkennir leiðbeiningatexta fyrst og fremst? Merktu við tvö atriði!
 - ☐ Hvert skref byrjar á sagnorði í boðhætti (sem skipar okkur fyrir).
 - ☐ Ef maður les hann upphátt og breytir röddinni þá er eins og hann sé á ensku.
 - ☐ Það er erfitt að skilja hann.
 - ☐ Hann er settur upp í nokkur skref til að auðvelt sé að fylgja leiðbeiningunum eftir.

Frásögn

Hvers vegna er
snjallt að skrifa
niður minningar úr
ferðalögum?

Ferðablogg Frikka

Brottfarardagur

Strákurinn er á leið í vikudvöl til Spánar. Þetta verður rosaleg ferð. Töskurnar okkar eru komnar út í bíl, mamma hleypur um húsið og lokar gluggum á meðan stjúpi rífur öll raftæki úr sambandi. Við fljúgum til Malaga og verðum í héraði sem heitir Andalúsía. Fíla'ða. Verð að hætta, stjúpi heldur ógnandi um snúruna á tölvunni. Ætli hann viti ekki að fartölvan er með rafhlöðu sem myndi nú alveg endast áfram þó svo að hann tæki hana úr sambandi? Bless í bili.



Marbella

Spánverjar eru ekkert að stressa sig á góðri nettengingu. En nú er ég tengdur og get bloggað. Fyrst leit út fyrir að þetta yrði vonlaus ferð, taskan mín kom ekki með fluginu og ég fékk hnút í magann. Nema hvað, hún fannst svo úti á flugvéla-stæði (sem hlýtur að vera rétta orðið yfir stæði fyrir flugvélar). Rosa kraftakarlar sem vinna við að afferma vélarnar. Einhver kastaði töskunni minni yfir vagninn. Við leigðum bílaleigubíl og keyrðum til Marbella. Við vorum þar fyrstu tvær næturnar og skoðuðum t.d. snekkjubátahöfn og geggjaða sportbíla. Ríka fólkið kíkir víst hingað í frí. Núna erum við að fara að heimsækja vinkonu mömmu í Estepona.



Gíbraltar

Hvað eiga dropasteinshellar, apar, stolin sólgleraugu og nýrnabaka sameiginlegt? Jú, allt tengist þetta Gíbraltar. Við keyrðum niður strandlengju Spánar til Bretlands. Já, þú last rétt. Gíbraltar er landsvæði sem Bretar hafa ráðið yfir síðan 1704. Við leigðum strumpastrætó (sem mamma kallar rúgbrauð!) og bílstjóra til að fara með okkur upp á Gíbraltarklettinn. Stoppuðum á útsýnisstað þar sem sést yfir til Marokkó í Norður-Afríku, við sáuð samt ekkert því það var þoka. Síðan kíktum við inn í dropasteinshelli og þegar við komum út sáuð við apa. Ekki bara einn heldur fullt af þeim. Við mamma stilltum okkur upp fyrir myndatöku með apana í bakgrunni. Á sama tíma og stjúpi smellti af, stal einn apinn sólgleraugunum hans. Næstu klukkutíma talaði hann mikið um hversu fín gleraugu þetta höfðu verið. Við gistum í Gíbraltar í tvær nætur og fórum seinna kvöldið á breskan bar sem seldi nýrnabökur. Þær voru svakalega góðar.



Strandlífið

Síðustu tvo dagana vorum við í strandbænum Torremolinos. Við fórum í vatnsrennibrautagarð og ég fór í braut sem var nánast lóðrétt. Þegar ég stóð uppi og beið eftir að fá grænt ljós til að fara af stað var ég gjörsamlega með hjartað í buxunum. Ég var, ykkur að segja, að spá í það að snúa við og ganga niður stigann. En þegar ég horfði á eftir mömmu niður rennibrautina gat ég ekki hætt við. Dagurinn í garðinum og ferðin í heild fer beint í minningabankann.

Lestu og svaraðu

- ▶ 1. Til hvaða staða fór Frikki? Nefndu a.m.k. fjóra staði sem eiga það sameiginlegt að vera sérnöfn: _____
- ▶ 2. Hverjir hafa ráðið yfir Gíbraltar síðan 1704? _____

Lestu milli lína

- ▶ 1. Af hverju skyldi mamma hans Frikkja loka öllum gluggum og stjúpi hans taka öll raftæki úr sambandi áður en þau fara í ferðalag? _____

- ▶ 2. Hvernig leið Frikkja þegar taskan hans kom ekki og hann fékk hnút í magann? _____

- ▶ 3. Hvernig komst fjölskyldan á milli staða? _____
- ▶ 4. Hvað segir textinn okkur um það hvernig stjúpa leið þegar aþarnir stálu gleraugunum hans? _____

- ▶ 5. Af hverju gat Frikki ekki hætt við að renna sér niður eftir að mamma hans lét sig vaða? _____

Lestu ofan í kjölinn

- ▶ 1. Frikki setur inn fjórar blogg færslur sem fjalla allar um vikuferð til Spánar. Hver var að þínu mati skemmtilegust að lesa og hvers vegna höfðu hún til þín? _____

- ▶ 2. Hvað þýðir að vera með hjartað í buxunum?
☐ að vera ástfanginn ☐ að vera lafhræddur
☐ að vera með hjartalaga bót á buxunum ☐ að vera mjög glaður

3. Rifjaðu upp ferðalag sem þú hefur farið í eða dreymir um að upplifa. Skrifaðu eina blogg færslu sem gæti lýst degi eða nokkrum dögum af því ferðalagi.

FYRSTI SMELLUR

Lesskilningur fyrir miðstig grunnskóla

ISBN 978-9979-0-2240-4

© 2018 Ása Marin Hafsteinsdóttir, Kristjana Friðbjörnsdóttir

© 2018 Teikningar: Lára Garðarsdóttir

Listi yfir rétthafa ljósmynda:

Bls. 1, 2, 4, 14, 19, 20, 22, 24, 25, 28, 30, 42, 44, 45, Shutterstock

Bls. 6 Mbl, ljósmyndari: Sigurður Elvar Þórólfsson

Bls. 18 KrakkaRÚV

Bls. 26 Mbl, ljósmyndari: Ómar Óskarsson

Bls. 32 Forlagið

Ritstjórar: Arna Guðríður Sigurðardóttir og Sigríður Wöhler

Málfarsyfirlestur: Þórdís Guðjónsdóttir

Yfirlestur og fagleg ráðgjöf: Dagný Elfa Birnisdóttir skólasafnskennari og
Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir grunnskólakennari

1. útgáfa 2018

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun: Lára Garðarsdóttir

Umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Oddi prentsmiðja ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Kæri nemandi

Nú var heppnin með þér! Hér færðu í hendur æfingabók í læsi.

Í bókinni er að finna mismunandi gerðir texta sem þú getur nýtt þér til þjálfunar. Textunum fylgja verkefni sem reyna á athygli þína, ályktunarhæfni og skilning.

Um leið og þú eykur færni þína í lestri munt þú m.a. fræðast um Norðurheimskautið, ísbirni, Gíbraltar, strokumýs, landkönnuð og sundkennslu grænleuskra skólabarna.

Megi máttur tungumálsins ávallt vera með þér!

Fyrsti Smellur er kennslubók í íslensku fyrir miðstig sem þjálfar lesskilning.

Höfundar eru Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir, báðar með langa reynslu af kennslu í grunnskólum. Þær eru rithöfundar og hafa skrifað fyrir börn og fullorðna, ljóð og skáldsögur. Auk þess eru þær höfundar *Orðspors* – heildstæðs námsefnis í íslensku fyrir miðstig.